

Fundargerð

18. fundur Samstarfsnefndar Skútustaðahrepps og Þingeyjarsveitar haldinn í Skjólbrekku og í gegn um fjarfundarbúnað, 9. mars 2021, kl. 15:00.

Fundinn sátu:

Arnór Benónýsson, Helgi Héðinsson, Margrét Bjarnadóttir, Jóna Björg Hlökkversdóttir, Ragnhildur Hólm Sigurðardóttir, Halldór Þorlákur Sigurðsson, Dagbjört Jónsdóttir, Róbert Ragnarsson, Sveinn Margeirsson og Gunnar Úlfarsson.

Fundargerð ritaði: Gunnar Úlfarsson, ráðgjafi.

Jóna Björg Hlökkversdóttir, Róbert Ragnarsson og Gunnar Úlfarsson sátu fundinn í gegnum fjarfundarbúnað.

Dagskrá:

1. Álit samstarfsnefndar - 2103006

Farið var yfir skilabréf og álit samstarfsnefndar og tillögu til sveitarstjórna.

Skýrslan Þingeyingur-stöðugreining og forsendur dags. 9. mars 2021 lögð fram og rædd. Gerðar voru breytingar sem samþykktar voru á fundinum og ráðgjöfum falið að uppfæra skjalið fyrir fyrri umræðu í sveitarstjórnnum.

Með vísan til greiningarinnar og samráðs við íbúa er það álit nefndarinnar að fram skuli fara atkvæðagreiðsla um sameiningu sveitarfélaganna í eitt.

Samstarfsnefnd leggur til að atkvæðagreiðsla fari fram 5. júní 2021 í báðum sveitarfélögum. Atkvæðagreiðslan skal fara fram skv. lögum um kosningar til sveitarstjórna nr. 5/1998.

Samstarfsnefnd hefur nú lagt fram álit sitt. Samkvæmt 2.mgr. 119.gr. sveitarstjórnarlaga skulu sveitarstjórnir taka málið á dagskrá og hafa tvær umræður um málið án atkvæðagreiðslu.

Samstarfsnefnd leggur til við sveitarstjórnir að nefndinni verði annars vegar falið að sjá um kynningu tillögunnar fyrir íbúum og hins vegar undirbúning atkvæðagreiðslu í samstarfi við kjörstjórnir.

2. Kynning á álit og tillögu samstarfsnefndar - 2103008

Ráðgjafar kynntu drög að kynningaráætlun.

Kynningarefni fyrir atkvæðagreiðslu mun byggja á þeirri greiningu og forsendum sem líst er í greiningunni.

Ákveðið að viðmiðunardagsetning íbúafunda verði 28. og 29. apríl til að koma í veg

18. fundur Samstarfsnefndar Skútustaðahrepps og Þingeyjarsveitar
20.04.2021

fyrir árekstra við sauðburð. Nánari útfærsla kynningarmála verður rædd á næsta fundi sem fyrirhugaður er 7. apríl.

Fundi slitið kl. 17:15.

Arnór Benónýsson

Helgi Héðinsson

Margrét Bjarnadóttir

Jóna Björg Hlökkversdóttir

Ragnhildur Hólm
Sigurðardóttir

Halldór Þorlákur Sigurðsson
